

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjanesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 622/2019.

1. gr.

Á eftir 17. gr. samþykktarinnar kemur ný grein, 17. gr. A, ásamt fyrrsögn, svohljóðandi:

Fjarfundabúnaður.

Forseti getur við sérstakar aðstæður heimilað bæjarfulltrúa að taka þátt með rafrænum hætti í fundum bæjarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins. Þegar bæjarfulltrúi tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innanlands á vegum sveitarfélagsins. Að öðrum kosti skal varamaður boðaður á viðkomandi fund. Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins hafa sömu heimildir og bæjarfulltrúar skv. 1. mgr.

Um framkvæmd fjarfunda að öðru leyti gildir auglýsing um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr. A samþykktarinnar:

- a. 1. mgr. 57. gr. A orðast svo:
Bæjarstjórn kýs eða eftir atvikum skipar í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir.
- b. 4. tölul. B-liðar 57. gr. A verður svohljóðandi:
Velferðarráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- c. 5. tölul. B-liðar 57. gr. A fellur brott.
- d. Við 57. gr. A bætist nýr stafliður, svohljóðandi:
C. Til fimm ára.
Umdæmisráð barnaverndar. Bæjarstjórn skipar þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 með síðari breytingum. Ráðið skal skipa einn félagsráðgjafa, einn sálfræðing og einn lögfræðing, sem jafnframt er formaður ráðsins. Ráðsmenn skulu í það minnsta hafa þriggja ára starfsreynslu í barnavernd. Ráðsmaður þarf ekki að eiga lögheimili í umdæmi viðkomandi umdæmisráðs en ekki er heimilt að skipa ráðsmann sem starfar við barnaverndarþjónustu í viðkomandi umdæmi.
Sveitarfélögin Reykjanesbær, Grindavíkurbær, Suðurnesjabær, Sveitarfélagið Vogar og Sveitarfélagið Árborg reka saman umdæmisráð barnaverndar samkvæmt samningi um rekstur umdæmisráðs barnaverndar fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum og Sveitarfélagið Árborg.

3. gr.

Við samþykktina bætist nýr viðauki 1.1. um fullnaðarafgreiðslu mála hjá barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar skv. 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002 sem birtur er með samþykkt þessari.

4. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 30. desember 2022.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.

VIÐAUKI 1.1
**um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar
samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.**

1. gr.

Fullnaðarafgreiðsla mála.

Teymisstjóri barnaverndarþjónustu og sviðsstjóri velferðarsviðs fara með vald til fullnaðarafgreiðslu mála skv. 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002 og bera ábyrgð á öllum verkefnum og ákvörðunum sem byggja á barnaverndarlögum sem ekki hafa verið falin öðrum þ.m.t. umdæmisráði, dómstólum eða öðrum stjórnvöldum, sbr. 2. mgr. 10. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

2. gr.

Endurupptaka mála.

Beri aðili fram kvörtun vegna afgreiðslu Barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar samkvæmt viðauka þessum, skal leiðbeina honum um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar hjá Barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.